

Uppbygging meginhluta reglugerðarinnar er í aðalatriðum í samræmi við gildandi reglugerð en þó með þeim breytingum að flestar vísanir til þess hvar og hvernig merkin eru notuð eru fjarlægðar. Við gerð viðaukanna var valin sú leið að lýsa með fremur almennum hætti hvernig nota skuli merkin og leggja áherslu á að samræma notkun sem nú er mismunandi milli veghaldara, auk þess að reyna girða fyrir algeng mistök við notkun merkjanna. Að megin stefnu var stuðst við handbók Vegagerðarinnar og erlendar fyrirmyndir, helst danskar og norskar, við gerð notkunarreglanna. Rétt er þó að taka fram að æskilegt er að gerðar verði ítarlegri handbækur, leiðbeiningar eða uppfærðir viðaukar á næstu árum, þegar reynsla hefur fengist af nýjum reglum.

Önnur meiriháttar breyting frá gildandi reglugerð snýr að flokkum umferðarmerkja. Til þessa hefur íslenskum umferðarmerkjum verið skipt í eftirfarandi flokka:

- A. Viðvörðunarkerki.
- B. Bannmerki.
- C. Boðmerki.
- D. Upplýsingamerki.
- E. Þjónustumerki.
- F. Vegvísa.
- G. Akreinaumerki.
- H. Bráðabirgðamerki.
- J. Undirmerki.
- K. Önnur merki.
- L. Merkingar langsum eftir akbraut (yfirborðsmerkingar).
- M. Merkingar þversum á akbraut (yfirborðsmerkingar).
- N. Aðrar merkingar á yfirborði vega.
- P. Ljósmerki.
- R. Hljóðmerki.

Í Vínarsáttmálanum er umferðarmerkjum skipt í þrjá yfirflokka: Merki til viðvörðunar fyrir umferð (e. Danger Warning Signs), merki til stjórnunar umferðar (e. Regulatory Signs) og merki til leiðbeiningar fyrir umferð (e. Informative signs). Seinni tveimur yfirflokkunum er síðan skipt í fleiri undirflokka. Flokkun sáttmálans er ekki bindandi fyrir undirritunarríki en engu að síður er lagt til að hér á landi verði tekið upp nýtt flokkunarkerfi fyrir umferðarmerki sem betur samræmist flokkum sáttmálans.

Til að lágmarka ruglingshættu er jafnframt lagt til að samhliða nýju flokkunarkerfi verði tekið upp nýtt númerakerfi með hliðsjón af norska númerakerfinu. Ómögulegt reyndist þó að tryggja fullt samræmi milli norskra og nýrra íslenskra númera umferðarmerkja, vegna mismunandi flokkunar á umferðarmerkjum og ólíkra merkja.

Lagt er til að uppbygging hins nýja kerfis verði eftirfarandi:

- 100. Viðvörðunarkerki.
- 200. Forgangsmarki.
- 300. Bannmerki.
- 400. Boðmerki.
- 500. Sérreglumerki.
- 600. Upplýsingamerki.

700. Vegvísar og þjónustumerki.

800. Undirmerki

900. Önnur merki.

1000. Yfirborðsmerkingar.

1100. Umferðarljós.


Texta um merkingu nær allra umferðarmerkja hefur verið breytt og hann samræmdur innan flokka. Þá hefur verið gerður fjöldi smávægilegra breytinga á útliti og litum umferðarmerkja sem ekki er gerð sérstök grein fyrir í þessari greinargerð. Aðrar helstu breytingar eru eftirfarandi:

### 100 Viðvörðunarkerki

Flokkur viðvörðunarkerkja tekur óverulegum breytingum frá gildandi reglugerð. Í flokkinn eru tekin upp fjögur ný merki: 108.2 *Holur*, 115 *Skert sýn vegna veðurs*, 149 *Umferðartafir*, 153 *Slys*.



Núverandi merki *A11.32 Hestar*, *A11.36 Nautgripir*, *A11.37 Sauðfé* og *A11.38 Hreindýr* eru sameinuð í nýtt merki *146 Dýr* sem tekur breytingum og er heimilt að nota til að vara við hvers kyns dýrum á eða við veg. Í reglugerðinni eru sýnd sex dæmi um myndmerki dýra.



Merki *A06.11 Biðskylða* er ekki viðvörðunarkerki og færist í nýjan flokk forgangsmarkja.


Ekkert viðvörðunarkerki er fellt á brott.

## 200 Forgangsmarki

Tekinn er upp nýr flokkur forgangsmarkja. Í flokknum eru merki sem kveða á um forgang umferðar við vegamót og sambærilegar aðstæður. Í flokkinn færast eftirfarandi merki og fá ný heiti og númer:

Gildandi reglugerð	Tillaga starfshóps
A06.11 Biðskylda	202 Biðskylda
B19.11 Stöðvunarskylda við vegamót	204 Stöðvunarskylda
D03.11 Aðalbraut	206 Aðalbraut
D03.21 Aðalbraut endar	208 Aðalbraut endar
B25.11 Skylt að veita umferð á móti forgang	212 Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang
D05.11 Umferð á móti veitir forgang	214 Umferð á móti veitir forgang

Þá er jafnframt tekið upp nýtt merki 216 Fléttuakstur, í samræmi við 4. mgr. 20. gr. umferðarlaga.



## 300 Bannmerki

Flokkur bannmerkja tekur óverulegum breytingum frá gildandi reglugerð. Tekið er upp eitt nýtt bannmerki 306.8 Umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðar bannaðar.



Gerðar eru breytingar á útliti merkja 306.6 Hjólreiðar bannaðar, 315 Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja, 320 Takmarkaður áspungi og 324 Sérstök stöðvunarskylda. Breyting á merki 320 Takmarkaður áspungi er gerð til að merkið endurspegli betur raunverulegar reglur um takmarkaðan áspunga í samræmi við reglur um þyngd ökutækja. Sú þyngd sem gefin hefur verið upp á merkinu til þessa hefur gefið til kynna mesta leyfilega þunga á ás með fjórum hjólum, þrátt fyrir að á merkinu hafi verið sýndur ás með tveimur hjólum.



Merki B19.11 Stöðvunarskylda við vegamót og B25.11 Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang eru færð í flokk forgangsmerkja.

Ekkert bannmerki er fellt á brott.


#### 400 Boðmerki

Flokkur boðmerkja tekur minniháttar breytingum frá gildandi reglugerð. Tekið er upp eitt nýtt boðmerki 455 Lágmarkshraði. Ekki er að finna í umferðarlögum beina heimild fyrir lágmarkshraða á vegum, aðra en eftir atvikum almenna heimild veghaldara til setningu sérákvæða skv. 84. gr. umferðarlaga.

Þó er í 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga mælt fyrir um skyldu hægfara umferðar til að nota reinar fyrir hæga umferð. Merkið er því tekið upp í reglugerð til að tilgreina sérstakar akreinar fyrir hægfara umferð, þ.e. merkið er notað á akreina-merki fyrir þá akrein sem hægfara umferð er ekki ætlað að vera á. Að mati starfshópsins er jafnframt kostur að fræða íslenska ökumenn um þýðingu merkisins þar sem það er í notkun víða erlendis.



Gerð er breyting á þýðingu merkisins 405 Akbrautarkerki. Samkvæmt gildandi reglugerð gefur merkið til kynna að aka megi þeim megin merkisins sem ökumaður kýs. Merkið hafði því í grunninn nákvæmlega sömu merkingu og merki K15 Gát skjöldur á veggreiningu. Ekki er fyrir að fara alþjóðlegri skilgreiningu á þýðingu merkisins en lagt er til að merkið skuli gefa til kynna að ökumanni beri að aka öðru hvoru megin við merkið, þar sem vegur greinist í tvennt en kemur aftur saman í framhaldinu.



Gerð er breyting á merkinu 416 Sameiginlegur stígur, þess efnis að útbúið er merki um sameiginlegan göngu- og reiðstíg. Jafnframt er gildi merkisins skýrt á þann hátt að vegfarendur skuli sýna hver öðrum gagnkvæma tillitssemi.

Vegna umræðu í samfélaginu og fyrirspurna sem bárust á meðan hópurinn var að störfum, var sérstaklega tekin til skoðunar þýðing merkisins *414 Reiðstígur*. Að mati starfshópsins má lesa úr umferðarlögum að akstur ökutækja, þ.m.t. reiðhjóla, á reiðstígum er óheimill en ekki er girt fyrir að stígarnir séu notaðir af gangandi vegfarendum. Þó er ljóst að umfjöllun um reiðstíga í umferðarlögum er ábótavant og lýsingar laganna til þess fallnar að valda vegfarendum á reiðstígum óvissu. Hópurinn leggur til að orðalagi um merkið í reglugerð verði breytt til samræmis við 31. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, þ.e. að reiðstígur sé „sérstaklega ætlaður fyrir umferð reiðmanna á hestum“ en að orðalag úr gildandi reglugerð um að stígurinn sé „ekki ætlaður öðrum“ verði fjarlægð.

Í ljósi ofangreinds er jafnframt vert að benda á að hér á landi hefur notkun stígamerkja ekki verið í samræmi við ákvæði Vínarsáttmálans. Samkvæmt sáttmálanum gefa stígamerki til kynna annars vegar að þeirri umferð sem tilgreind er á merkinu beri að nota stíginn og hins vegar að önnur umferð sé óheimil á stígnum. Umferðarlögin eru ekki svo fortakslaus um notkun stíga hér á landi og notkun veghaldara á merkjunum hefur því verið líkari notkun á upplýsingamerkjum, fremur en merkjum til stjórnunar umferðar. Til samanburðar má benda á að hliðstæð norsk merki eru upplýsingamerki.

Ekkert boðmerki er felld á brott.

#### 500 Sérreglumerki

Tekinn er upp nýr flokkur sérreglumerkja, merkja sem er ætlað að mæla með bindandi hætti fyrir um sérstakar reglur eða takmarkanir fyrir umferð, aðrar en þær sem gefnar eru til kynna með forgangs-, bann- eða boðmerkjum. Um er að ræða flokk umferðarmerkja sem í Vínarsáttmálanum ber á ensku heitið *Special regulation signs* en er á meðal Norðurlandanna einungis að finna í Finnlandi (f. *Sääntömerkki*).

Í flokkinn færast eftirfarandi merki og fá ný heiti og númer:

Gildandi reglugerð	Tillaga starfshóps
<i>G. Akreinamerki</i>	<i>500 Akreinamerki</i>
<i>G10 Akreinamerki</i>	<i>501 Akreinamerki ofan akbrautar</i>
<i>D09.11 Biðstöð strætisvagna eða áætlunarbifreiða</i>	<i>512 Biðstöð hópbifreiða í almenningsakstri</i>
<i>D02.11 Gangbraut</i>	<i>516 Gangbraut</i>
<i>D07.11 Einstefna</i>	<i>526 Einstefna</i>
<i>D14.11 Vistgata</i>	<i>540 Vistgata</i>
<i>D14.21 Vistgötu lokið</i>	<i>542 Vistgata endar</i>
<i>D12.11 Þéttbýli</i>	<i>544 Þéttbýli</i>
<i>D12.21 Þéttbýli lokið</i>	<i>546 Þéttbýli lokið</i>
<i>D01.11 Bifreiðastæði</i>	<i>552.1 Bifreiðastæði</i>
<i>D02.11 Bílastæðahús</i>	<i>552.2 Bílastæðahús</i>
<i>D01.31 – D01.42 Bifreiðastæði fyrir X</i>	<i>553 Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðilum</i>
<i>D01.21 Bifreiðastæði fyrir fatlaða</i>	<i>554 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk</i>

D01.22 Bifreiðastæði fyrir fatlaða með skráningarkerki bifreiðar.

D06.21 Neyðarútskot til hægri

555 Neyðarútskot

D06.22 Neyðarútskot til vinstri

B28.xx Mörk svæðis þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er

562 Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða

B29.xx Mörk svæðis þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur

563 Svæði með sérstaka takmörkun hámarkshraða endar


B22.11 mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð

572 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð

B22.21 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð

573 Svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð endar

Lagt er til að hópþbifreiðar í almenningsakstri fái sérstakt merki 508 *Hópþbifreiðar í almenningsakstri* með gulri tákmynd til aðgreiningar frá öðrum hópþbifreiðum. Merkið er fyrst og fremst ætlað til að merkja rými sem eingöngu eru ætluð hópþbifreiðum í almenningsakstri, til að mynda til að tilgreina sérrein almenningsgangna á akreina-merki. Merkið 512 *Biðstöð hópþbifreiða í almenningsakstri* tekur einnig hinn gula lit, ásamt því að verða ferningslaga til samræmis við Vínarsáttmálann. Eftir breytinguna verða eingöngu biðstöðvar hópþbifreiða í almenningsakstri merktar með gulu ferningslaga merki. Ekki er lagt til að gerð verði hvít útgáfa af biðstöðvarmerkinu, sbr. umfjöllun í síðari köflum, heldur er þess í stað mælt til þess að aðrir safn- eða biðstaðir hópþbifreiða verði merktir með merki 553.1 *Bifreiðastæði ætlað hópþbifreiðum* og undirmerki 831 *Hámarkstími*.



Gerð er breyting á útliti merkisins 516 *Gangbraut*, sem fær hvítan bakgrunn í stað guls.



Tekið er upp nýtt merki 521 *Hjólarein* fyrir hjólarein skv. 21. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Merkið er að norski fyrirmynd



Tekin eru upp tvö ný merki fyrir göngugötur, annars vegar 548 *Göngugata* og hins vegar 550 *Göngugata endar*, í samræmi við 17. tölul. 1. mgr. 3. gr. sbr. 10. gr. umferðarlaga.



Lagt er til að ráðuneytið taki til skoðunar hvort umferðarlög heimili merkingar fyrir hjólagötur og gerð tillaga að merkingum slíkra gatna, 551.1 *Hjólagata* og 551.2 *Hjólagata endar*. Hjólagötur eru ekki skilgreindar í umferðarlögum en ákvæði 84. gr. laganna heimilar veghaldara að kveða á um „aðrar takmarkanir á umferð um veg“. Með skilgreiningu í reglugerð um umferðarmerki kann því að vera mögulegt að skilgreina þær takmarkanir fyrir umferð sem merkið gefur til kynna. Sambærileg aðferð er notuð við skilgreiningu göngu- og hjólagatna víðs vegar á Norðurlöndunum. Sé slíkt ekki talið fullnægjandi að mati ráðuneytisins, er lagt til að hjólagötur verði sérstaklega skilgreindar í umferðarlögum við næstu uppfærslu laganna.

Starfshópurinn leggur til að hjólagata verði skilgreind svo en nánari útfærsla ráðist af því hvort um sé að ræða skilgreiningu í umferðarlögum eða eingöngu í reglugerð:

Hjólagata er gata eða stígur ætluð reiðhjólum og léttum bifhjólum í flokki I þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil en ökumenn þeirra verða að taka fullt tillit til hjólandi vegfarenda. Leyfilegur hámarkshraði á hjólagötu er 30 km/klst.

Á hjólagötu skulu ökumenn sýna hver öðrum gagnkvæma tillitssemi og ekki tefja aðra ökumenn að óþörfu, hvort sem er akandi eða hjólandi. Á hjólagötu mega vélknúin ökutæki ekki taka fram úr reiðhjóli eða öðru ökutæki og ekki leggja nema á merktum stæðum.

Ökutæki sem ekur frá hjólagötu skal veita umferð á vegi sem ekið er inn á forgang.



Tekið er upp nýtt merki fyrir gjaldskyld bifreiðastæði, 552.3 *Bifreiðastæði með gjaldskyldu*, auk svæðismerkinga bifreiðastæða, þ. á m. útgáfa svæðismerkingar fyrir gjaldskyldu, 576 *Mörk svæðis þar sem heimilt er að leggja ökutæki* og 577 *Svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki endar*.



### 600 *Upplýsingamerki*


Gerð er sú grundvallarbreyting á flokki upplýsingamerkja, að merki innan flokksins eru eingöngu til upplýsingar fyrir vegfarendur en kveða ekki á um skyldu eða bann við tiltekinni háttsemi. Vegna þessa færast þó nokkur merki úr gildandi reglugerð í flokk sérreglumerkja.

Bráðabirgðamerki, flokkur H í gildandi reglugerð, er í heild sinni færður inn í merki 650.4 *Upplýsingatafla (tímabundin)* og veghaldara veitt almenn heimild til að útfæra merki 650 *Upplýsingatafla* til samræmist við aðstæður á hverjum stað.

Tekin eru upp fjögur ný upplýsingamerki 655.62 *Meðalhraðaeftirlit*, 655.71 *Eftirlitsmyndavél*, 659 *Rafræn gjaldtaka* og 660 *Neyðarútgangur*.



Gefinn er kostur á fleiri útfærslum af merki 652.7 *Botngata*.





Veruleg breyting er gerð á útliti merkisins 656 *Hámarkshraðaupplýsingar* til samræmis við Vínarsáttmálann og upplýsingar á merkinu uppfærðar til samræmis við gildandi löggjöf.



Lagt er til að breyting verði gerð á merki *D11.11 Umferð fatlaðra* og í stað merkisins komi merkið 658 *Leiðbeinandi leið fyrir tegund umferðar* sem tekur breytingum eftir tegund umferðar, þ. á m. fyrir umferð hreyfihamlaðra vegfarenda.



Framangreind breyting hefði í för með sér að hvít hópbifreið á bláum grunni gæfi til kynna leiðbeinandi leið fyrir hópbifreiðar en gul hópbifreið á bláum grunni gæfi til kynna biðstöð hópbifreiða í almenningsakstri.

Merkið *D24.11 Vegur þar sem krafist er veggjalds* fellur brott. Í stað þess er mælt til að notað sé upplýsingamerkið 659 *Rafræn gjaldtaka* eða bannmerkið 324 *Sérstök stöðvunarskylda*.

### *700 Vegvísar og þjónustumerki*

Lagt er til að vegvísar og þjónustumerki séu sameinuð í einn flokk, þó að umfjöllun um merkin sé haldið aðgreindri í reglugerðinni.

Tekinn er upp fjöldi nýrra vegvísa í brúnum lit sem notaðir verða til vegvísunar að ferðamannastöðum sem uppfylla viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu. Meginaðráttarafi þeirra eru náttúrufrýrbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag og landslagsheild. Rauður litur vegvísa verður notaður við vísun að opinberum byggingum og áhugaverðum stöðum.

Tekin eru upp ný merki *723.41 Ferðamannastaður með Vörðu*, *723.42 Staður á heimsmínjaskrá Sameinuðu þjóðanna* og *725.1 Jarðgöng*.



Breytingar eru gerðar á útliti vegvísa á hjólastígum- og leiðum.



Verulegar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi þjónustumerkinga. Felld eru á brott á um sjöunda tug þjónustumerkja. Eftir standa merki neyðarþjónustu, mikilvægrar þjónustu fyrir umferð, upplýsingar og áhugaverða staði, gistiþjónustu og valin merki annarrar þjónustu. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin birti á vefsíðu sinni lista yfir önnur þjónustutákn.

Gerðar eru breytingar á reglum um hvar megi setja upp þjónustumerkingar og hvaða þjónustu megi merkja. Að meginstefnu til verði þjónustumerkingar fyrst og fremst heimilar við heimreiðar og á upplýsingatöflu fyrir innsveitir. Upplýsingar við vegi um þjónustu sem er fram undan, með merki *717 Staðarleiðarvísir*, verði einskorðuð við aðstæður á viðkomandi stað og þá helst hvort merkingarnar teljist nauðsynlegar með tilliti til umferðaröryggis, svo sem vegna blindrar aðkomu. Þessar breytingar, m.t.t. sjónarmiða um lágmörkun merkinga, munu fela í sér að Vegagerðin þurfi að fjarlægja fjölda þjónustumerkja sem nú standa við þjóðvegi en ekki liggur fyrir hver kostnaður við það kunni að verða.

Merkið *F41.11 Ferðamannaleið* er felld á brott. Merkinu var bætt í núgildandi reglugerð með breytingarreglugerð nr. 548/2019. Miðað við núverandi þróun er fyrirsjáanlegt að í náinni framtíð verði um 3000 km þjóðvegakerfisins merktir sem einhvers konar ferðamannaleiðir. Merking allra þessara kafla fæli í sér verulega og óæskilega fjölgun umferðarmerkja á þjóðvegakerfinu. Að mati hópsins færi betur að slíkar ferðamannaleiðir væru merktar með viðeigandi merki *608 Upplýsingatafla* á áningarstöðum og útskotum á hverri ferðamannaleið.


### 800 Undirmerki

Tekin eru upp ný merki *807 Táknmynd tegundar umferðar* sem leyfilegt er að nota inn á önnur umferðarmerki og sem yfirborðsmerkingar.

Tekin eru upp ný merki *808 Texti*, *826.1 Umferð hjólandi vegfarenda í báðar akstursáttir*, *826.2 Umferð hópferðabífreiða í almenningsakstri úr báðum áttum* og *848.5 Hált í bleytu*. Jafnframt er gert ráð fyrir útgáfum fleiri merkja í bláum og hvítum lit, til samræmis við það aðalmerki sem undirmerki stendur með hverju sinni.



Heimilaðar eru stærri útgáfur af merkjum *844.3 Torleiði* og *846.3 Óbrúaðar ár*. Tekið er upp nýtt merki *848.3 Snjór á vegi*.



Gerð er sú breyting á merki 812 *Leiðbeinandi hámarkshraði* að hvítur hringur sem var umhverfis hraðann er fjarlægður, til samræmis við Vínarsáttmálann og alþjóðlega notkun merkisins. Breytingin dregur jafnframt úr hættu á ruglingi við merki 455 *Lágmarkshraði*. Að mati starfshópsins er mikilvægt að þeim merkjum um leiðbeinandi hámarkshraða sem nú eru uppi verði skipt út sem fyrst. Um 1200 slík merki eru nú við þjóðvegi landsins og er áætlaður kostnaður Vegagerðarinnar við að skipta út merkjunum um 50 milljónir kr.



Merki 860 *Keðjunarstaður* tekur breytingum frá núgildandi merki D01.61 *Keðjunarstaður* vegna ruglingshættu við merki D, 9 *Snow chains compulsory* í Vínarsáttmálanum um keðjuskyldu og færist jafnframt úr flokki upplýsingamerkja í flokk undirmerkja.



Merkið J50.11 *Götuhlaup* fellur brott. Í stað merkisins er skal notuð viðeigandi 608.4 *Upplýsingatafla* í appelsínugulum lit.

### 900 Önnur merki

Óverulegar breytingar eru gerðar á flokki annarra merkja. Smávægilegar breytingar eru gerðar á skipulagi merkinga og merki K21.11 *Þverslá vegna hæðartakmarkana* og K21.21 *Lokunarþverslá* eru sameinaðar í eitt merki 908 *Hindrunarslá*.

Gerð er nánari grein fyrir þýðingu og notkun annarra merkja vegna framkvæmda á veg. Að megin stefnu er heimilað að nota rauðar og hvítar útgáfur allra gátskjalda við merkingu framkvæmdasvæða og nokkrum myndum slíkra merkja bætt við í reglugerðina. Þeim til viðbótar eru sérstaklega tekin upp tvö ný framkvæmdamerki, 940F *Keila til afmörkunar vegna framkvæmda* og 941F *Stólpi til afmörkunar vegna framkvæmda*.



Að meginstefnu til er gert ráð fyrir að fjallað sé um notkun vinnusvæðamerkinga í sérstakri reglugerð og reglum settum á grundvelli hennar.



### 1000 Yfirborðsmerkingar

Gerð er breyting á flokkun lína til samræmis við norska fyrirmynd. Í stað þess að greina sérstaklega á milli mið- og deililína í reglugerðinni er gerð grein fyrir þýðingu brotinnna, hálfbrotinnna og óbrotinnna lína, óháð því hvort þær séu milli akreina í sömu átt (deililínur) eða í gagnstæðar áttir (miðlínur).



Gert er ráð fyrir fleiri útgáfum tvöfaldrar miðlína en í gildandi reglugerð. Miðlínur geta þannig verið af hvaða gerð sem er sitt hvoru megin, þ. á m. tvöföld brotin miðlína.

Heimiluð er notkun blárra yfirborðsmerkinga til að aðgreina svæði þar sem heimild til að leggja ökutækjum er háð sérstökum takmörkunum, t.d. um gjaldskyldu eða tíma, sem gefin er til kynna með umferðarmerki. Notkun blárra yfirborðsmerkinga í slíkum tilvikum er þó ekki skyld.

Teknar eru upp þrjár nýjar yfirborðsmerkingar tengdar hjóltreidum *1021 Hjólabox*, *1026 Hjólþverun* og *1038 Hjólavísir*



Teknar eru upp tvær nýjar yfirborðsmerkingar fyrir hraðahindranir, *1027.11 Hraðahindrun* og *1027.12 Hraðahindrun*.



Þá er tekin upp ný yfirborðsmerking 1027.2 *Hvinrönd*, auk þess sem fleiri táknmyndir og áletranir í yfirborð vega eru sýnd en í nágildandi reglugerð.



Starfshópurinn tók sérstaklega til umfjöllunar notkun yfirborðsmerkingarinnar 1024.1 *Gangbrautarmerking*. Að mati hópsins er rétt að heimila notkun merkingarinnar á ljósastýrðum gönguþverunum líkt og tíðkast á Norðurlöndunum.

Af hálfu fulltrúa Reykjavíkurborgar var lagt til að jafnframt yrði heimilt að nota merkinguna til áréttingar um forgang gangandi vegfarenda, án merkisins 516 *Gangbraut*, við aðstæður þar sem gangandi vegfarandi á forgang yfir akbraut. Slík tilvik eru m.a. þar sem umferð af hliðarvegi vîkur fyrir umferð á aðalvegi, þ. á m. umferð gangandi vegfarenda, á grundvelli bið- eða stöðvunarskyldu sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga og þegar ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg sbr. 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Niðurstaða starfshópsins var þó að heimila ekki notkun gangbrautarmerkingar án merkis 516 *Gangbraut* eða umferðarljósa.



Af hálfu fulltrúa Vegagerðarinnar er vakin athygli á kostnaðaraukningu vegna aukinna krafna um merkingu kantlína samkvæmt 2. gr. IV. viðauka við reglugerðina. Áætlaður einskiptiskostnaður við auknar merkingar er um 200 milljónir króna og viðhaldskostnaður um 70 milljónir króna á ári.

Engar yfirborðsmerkingar falla á brott.

### 1100 Umferðarljós og hljóðmerki


Tekin eru upp ný umferðarljós 1184 *Umferðarljós fyrir hjólandi vegfarendur*.



Veitt er heimild til að sýna bæði reiðhjól og mann saman á umferðarljósi 1186 *Umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur*.



Tekin eru upp ný umferðarljós *1190 Akreinaljós* sem fest eru ofan akreinar og gilda fyrir staka akrein. Rauður kross merkir að óheimilt sé að aka eftir akreininni í þá átt sem ferðast er í, gul ör merkir að akreininni verði lokað og að akandi vegfarandi skuli skipa yfir á akrein í þá átt sem örin bendir en græn ör að heimilt sé að aka eftir akreininni.



Ekkert umferðarljós fellur brott.

### *Breytileg umferðarmerki*

Veitt er heimild til notkunar tiltekinna breytilegra umferðarmerkja og Vegagerðinni, að höfðu samráði við Samgöngustofu, heimilað að leyfa notkun annarra breytilegra merkja.

Í II. viðauka við reglugerðina eru settar reglur um notkun breytilegra umferðarmerkja. Á vegum ráðuneytisins og Vegagerðarinnar er nú unnið að gerð reglugerðar samkvæmt 8. mgr. 37. gr. umferðarlaga um rafræna stjórnun hraða á vegum. Rétt þykir að viðauki og umgjörð breytilegra merkinga verði endurskoðuð samhliða vinnu við nýja reglugerð.

Í flokk breytilegra umferðarmerkja eru einnig tekin upp tvö ný merki *Breytilegt textamerki* og *Hraðavari*, án númera.



### *Umferðarstjórn*

Ekki er gerð breyting frá gildandi reglugerð á þeim merkjum sem lögregla notar við umferðarstjórn. Áréttað er að eingöngu lögregla megi nota handmerki við umferðarstjórn en að aðrir skuli nota sérstakan búnað, svo sem færanleg umferðarljós, færanleg umferðarmerki, umferðarmerki sem haldið er á, leiðibíla eða annan sambærilegan vegbúnað við umferðarstjórn.